

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur

Alltaf sami Grallarinn?

Samantekt á efni allra 19 útgáfna Grallarans

Ritgerð til BMus-prófs í hljóðfæraleik

Kristín Þóra Pétursdóttir

Haustönn 2016

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur

Alltaf sami Grallarinn?

Samantekt á efni allra 19 útgáfna Grallarans

Ritgerð til BMus-prófs í hljóðfæraleik

Kristín Þóra Pétursdóttir

Kt.: 090886-2239

Leiðbeinandi: Árni Heimir Ingólfsson

Haustönn 2016

Útdráttur

Graduale. Ein almennileg messusöngsbók, eða „Grallarinn“ eins og bókin er oftast kölluð, var gefin út 19 sinnum á 17. og 18. öld. Grallarinn hefur að geyma tónlög og texta fyrir messusöng og tíðagjörð kirkjunnar eftir siðaskiptin. Efni hans tók þónokkrum breytingum frá fyrstu útgáfu (1594) til þeirrar síðustu (1779). Í þessari ritgerð eru lögð fram yfirlit yfir efni allra 19 útgáfna Grallarans, en þau eru þrjú talsins. Í því fyrsta er yfirlit yfir efni 1.-2. útgáfu, í öðru 2.-6. útgáfu og í því þriðja 6.-19. útgáfu. Í hverju yfirliti liggur ein útgáfa til grundvallar en allar breytingar frá einni útgáfu til annarrar eru skráðar út frá henni. Þannig má sjá að hve miklu leyti Grallarinn breytist á því tæplega 200 ára tímabili sem hann er gefinn út. Leitað er svara við því hversu viðamiklar breytingar verða, hvenær þær gerast og hvort hægt sé að líta á Grallarann sem sömu bókina þegar upp er staðið. Helstu tímamót í grallaraútgáfum verða við 2. og 6. útgáfu en einnig eru áberandi breytingar á 9., 11. og 12. útgáfu. Með 2. útgáfu er latínusöng gert hærra undir höfði en áður því nótur settar við flesta latínusöngva. Í 6. útgáfu eru latínusöngvar hins vegar felldir út nema á stórhátíðum og þar með einfaldast litúrgían. 6. útgáfa liggur til grundvallar öllum þeim sem á eftir koma. Í 9. útgáfu er latínusöngur endanlega úr sögunni og með 11. og 12. útgáfu bætast við nýir sálmar fyrir ýmis tilefni t.d. kvöld- og morgunsálmar. Með 12. útgáfu fær Grallarinn á sig endanlega mynd því að engar efnislegar breytingar verða í þeim sjö útgáfum sem á eftir koma.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Aðdragandinn og íslensk útgáfa	3
3. Helstu breytingar	5
3.1 Breytingar frá 1. til 2. útgáfu	5
3.2 Breytingar frá 2. til 6. útgáfu	7
3.2.1 4.-5. útgáfa	7
3.2.2 6. útgáfa	8
3.3 Breytingar frá 6. til 19. útgáfu	12
3.3.1 7.-9. útgáfa	12
3.3.2 10.-11. útgáfa	13
3.3.3 12.-19. útgáfa	14
3.4 Niðurstaða	16
4. Lokaorð	17
Heimildir	18
Viðauki I: Listi yfir allar útgáfur Grallarans	20
Viðauki II: Aðferð og merkingar í efnisyfirlitum	21
Viðauki III: Efnisyfirlit 1.-2. útgáfu Grallarans	23
Viðauki IV: Efnisyfirlit 2.-6. útgáfu Grallarans	41
Viðauki V: Efnisyfirlit 6.-19. útgáfu Grallarans	67

1. Inngangur

Messusöngsbókin *Graduale* eða „Grallarinn“ var fyrst gefin út árið 1594. Bókin varð uppistaðan í messugjörð Íslendinga og mikilvægur þáttur í trúar- og menningarlífi þjóðarinnar fram á 19. öld. Grallarinn var upphaflega prentaður á íslensku að danskri fyrirmynd og honum var ætlað að samræma kirkjusöng á Íslandi, en þar hafði verið vöntun á eftir siðaskiptin. Hann er í raun fyrsta góða yfirlitsritið á íslensku yfir messusöng í lútherskum sið. Áður hafði verið gefin út sálmabók með nótum en nótturnar þóttu illæsilegar. Í Grallaranum komust margir sálmar við íslenska texta í fyrsta sinn á prent en að auki fylgdi bókinni ýmis fróðleikur s.s. hvernig söng og messugjörð skyldi háttað. Ritið hefur þótt bráðnauðsynlegt í öllum kirkjum, enda var Grallarinn gefinn út 19 sinnum á árunum frá 1594 til 1779 og spanna grallaraútgáfur því megnið af 17. og 18. öld.

Þótt að verkefnið sé verðugt hefur lítið verið gert í grallaranáttökum. Smári Ólason hefur birt greinar um lútherskan sálmasöng á Íslandi¹ og um Grallara Þórðar biskups Þorlákssonar² og að einhverju leyti hafa rannsóknir verið gerðar sem eru óútgefnar³. Tilgangur þessarar ritgerðar er fyrst og fremst að leggja fram yfirlit yfir efni allra 19 útgáfna Grallarans. Engin slík vinna hefur áður verið unnin og er þetta því fyrsta tilraun til að ná utan um allar útgáfurnar frá upphafi til enda. Árið 1924 gaf Páll Eggert Ólason út rit um upptök sálmalagaog fór þá rækilega í gegnum sálmana í fyrstu útgáfum Grallarans og sálmabókarinnar og gat þess þegar þessir elstu sálmar komu fyrir aftur í útgáfum Grallarans til 1691⁴. Hvorki er til sambærilegt rit um seinni útgáfur né samanburður á innihaldi þeirra allra. Slík efnisyfirlit geta nýst á margan hátt við frekari rannsóknir á Grallaranum.

Færa má rök fyrir því að í grunninn séu allar 19 útgáfur Grallarans sama bókin, enda tilgangur hennar alltaf sá sami. Efnislega þróast hún þó nokkuð mikið og sífellt er verið að endurskoða, bæta við eða fella brott efni. Á ákveðnum tímamarki, eða með 6. útgáfu 1691, er latínusöngur felldur út og eftir stendur messugjörðin á íslensku sem verður nokkuð einfaldari fyrir vikið. Þessi þróun er fest í sessi í næstu útgáfum á eftir en frá og með 12. útgáfu eru þær í stórum dráttum alveg eins. Það gerist því lítið í þróun Grallarans síðustu 47 árin. Skipta má

¹ Smári Ólason, „Iceland: A Historical Progression of over 400 Years.“ Í *Spiritual Folk Singing. Nordic and Baltic Protestant Traditions*, Kirsten Sass Bak og Svend Nielsen ritstýrðu, bls 227-246. (Kaupmannahöfn: Kragen, 2006).

² Smári Ólason „Grallari Þórðar Þorlákssonar. 6. útgáfa 1691.“ Í *Frumkvöðull vísinda og mennta. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti*: Erindi flutt á ráðstefnu í Skálholti 3.-4. maí 1997 í tilefni af þjúhundraðustu ártíð Þórðar biskups Þorlákssonar, Jón Pálsson ritstýrði, 223-236. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998).

³ T.d. Árni Heimir Ingólfsson, [Án titils], (2012) og Sigurður Kr. Sigurðarsonar (kjörsviðsritgerð í guðfræði frá 1990, hér tilvitnað eftir Smára Ólafssyni, „Grallari Þórðar Þorlákssonar. 6. útgáfa 1691,“ 227).

⁴ Páll Eggert Ólason, *Um upptök og uppruna sálmalaga í lútherskum sið: Fylgir Árbók Háskóla Íslands 1924*. (Reykjavík: Háskóli Íslands, 1924), 3.

grallaraútgáfum í tvö skeið: Hið fyrra er 17.öldin þar sem latínusöngvar eru stór hluti hinnar prentuðu litúrgíu en henni tilheyra 1.-5. útgáfa (prentaðar 1694–1679) og hið síðara er 18. öldin þar sem latínusöngvar eru að mestu úr sögunni og messugjörðin á íslensku stendur eftir, en henni tilheyra 6.-19. útgáfa (prentaðar 1691–1779).

Í þessari ritgerð er helstu breytingum á efni allra 19 úgáfnanna lýst, með áherslu á það þegar nýtt efni kemur inn eða eldra efni er fellt brott. Efni ritgerðarinnar er á þessa leið: Í 2. kafla er fjallað um aðdragandann að útgáfu fyrsta Grallarans, í 3. kafla er fjallað um þær helstu breytingar á Grallaranum sem skráningin leiddi í ljós og í 4. kafla eru lokaorð.

2. Aðdragandinn og íslensk útgáfa

Árið 1536 var lúthersk-evangelísk kirkjuskipan lögleidd í Danmörku og átti hún að gilda í öllu ríki konungs, þar á meðal á Íslandi.⁵ Siðbreytingin gekk þó hægt fyrir sig hér á landi en hinn nýi siður telst ekki innleiddur að fullu fyrr en við líflát Jóns Arasonar biskups á Hólum, árið 1550.

Upphaf lúthersk-evangelísku sálmasöngs í Þýskalandi er miðað við árið 1524 en hann barst fljótlega til Danmerkur. Þar kom fyrsta lútherska messu- og sálmaabók úti árið 1528. Upp úr því fara að koma út bækur þar sem nótur standa við messuliðina og þar sem nótur standa bæði við messuliði og sálma.⁶ Árið 1565 gaf Friðrik II. Danakonungur út tilskipun um að gefin skyldi út *Graduale* eða messusöngsbók fyrir hina dönsku lúthersku kirkju. Hann fól Niels Jespersen biskupi á Fjöni útgáfu messusöngsbókarinnar og kom hún út árið 1573.⁷ Hlutverk hennar var að samræma helgisiði og kirkjusöng í Danmörku sem konungi þótti í ólestri. Í bókinni er söngvum hámessunnar raðað niður eftir kirkjuárinu. Aftast í bókinni eru einnig viðbætur með söng á bænadögum, við brúðkaup o.s.frv. Þar er komið til móts við ólík sjónarmið, annars vegar að viðhalda kirkjusöng frá kaþólskum tíma en hins vegar að gera aðgengilega lofgjörðarsöngva á móðurmálinu. Í formála er gefið val um hvor gerð tónlistarinnar er notuð en þó hvatt til þess að latínusöngnum sé viðhaldið.⁸

Fyrsta útgáfa hins íslenska Grallara á rætur að rekja til þess að Friðrik II. skrifar Guðbrandi Þorákssyni Hólabiskupi og Gísla Jónssyni Skálholtsbiskupi bréf sem dagsett er 29. apríl 1585. Þar æskir hann þess að biskuparnir hittist og komi sér saman um sálmasönginn.⁹ Árið 1594 var svo gefin út á Hólum *Graduale. Ein almennileg messusöngsbók* að frumkvæði Guðbrands Þorlákssonar. Bókin fékk fljótlega viðurnefnið „Grallarinn“. Fimm árum áður hafði verið gefin út sálmaabók með sálmum siðbreytingarinnar, *Ein ný sálmaabók* sem kölluð var „Hólabók“. Hún var að mestu sniðin eftir danski sálmaabók Thomissøns frá 1581.¹⁰ Ekki tókst nógu vel til við útgáfu sálmaabókarinnar því nótnaskriftin er illlæsileg og sum löggin eru ekki nótnasett að fullu.¹¹ Söngtextinn var að auki óskýr og ekki prentaður beint fyrir neðan nótturnar.

⁵ Smári Ólason, „Grallari Þórðar Þorlákssonar. 6. útgáfa 169“, bls. 223.

⁶ Ibid.

⁷ Ibid., bls. 224.

⁸ Ibid.

⁹ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót: Handbók Marteins Einarssonar 1555, Handritið Ny kgl. Saml. 138 4to, Graduale 1594. Litúrgísk þróunarsaga íslenskrar helgisiðahefðar á 16. öld.* [Doktorsrit höfundar]. (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1992), 16-17.

¹⁰ Smári Ólason, „Grallari Þórðar Þorlákssonar. 6. útgáfa 1691“, bls. 226.

¹¹ Ibid.

Grallarinn var metnaðarfullri hvað tónlistina snerti og með honum var í fyrsta sinn komin læsileg og yfirgripsmikil messusöngsbók á íslensku. Hann varð einn af hornsteinum siðbreytingarinnar og grundvöllur messugjörðar á Íslandi í ríflega 200 ár. Grallarinn var gefinn út 19 sinnum og var hver útgáfa fyrir sig sett upp að nýju svo engar tvær útgáfur eru nákvæmlega eins.¹²

Allar íslenskar útgáfur Grallarans eru varðveittar í Landsbókasafni fyrir utan þá þriðju sem aðeins er varðveitt í einu eintaki í Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn. Allar eru þær aðgengilegar á *Bækur.is*¹³, vefsíðu á vegum Landsbókasafns, fyrir utan 3. útgáfu og 10. útgáfu en til stendur að sú síðarnefnda verði aðgengileg á sama stað.

Flestar útgáfur eru prentaðar á Hólum í Hjaltadal, eða 17 útgáfur af 19. Um tíma fluttist prentsmiðjan að Skálholti en þá tók Þórður Þorláksson til hendinni og endurskoðaði Grallarann. Þar lét hann prenta 6. útgáfu sem markar tímamót. Ástæðan fyrir því að prentsmiðjan var flutt að Skálholti er í stuttu máli sú að vafi lék á því hvort Guðbrandur Þorláksson hefði ánað hana dómkirkjunni á Hólum eftir sinn dag eða hvort erfingjum hans væri frjálst að taka hana yfir.¹⁴ Þórður Þorláksson átti ættir að rekja til Guðbrands og árið 1685 lét hann flytja prentsmiðjuna með miklum tilkostnaði suður í Skálholt.¹⁵ Það var þó alltaf ágreiningsmál hver ætti prentverkið, dómkirkjan eða erfingjarnir. Eftir dauða Þórðar Þorlákssonar 1697 féll prentsmiðjan í hendur Brynjólfi syni hans. Björn Þorleifsson hafði tekið við biskupdæmi á Hólum sama ár og falaði prentsmiðjuna til kaups. Þar sem Brynjólfur hafði ekki þekkingu til að reka prentsmiðju féllst hann á kaupin og prentsmiðjan var flutt aftur að Hólum árið 1703.¹⁶

Deilt er um að hve miklu leyti Grallarinn er gerður eftir Jespersøns *Graduale* en margt er sameiginlegt með þeim. Það eru samtals 68 sálmalög sem koma inn í íslenskar kirkjusöngsbækur úr *Graduale* Jespersøns.¹⁷ Þó er of mikið sagt að Grallarinn sé íslensk útgáfa af honum. Efni Grallarans má skipta í þrjá meginhluta. Sá fyrsti samanstendur af inngangi, oftast formála (eða formálum) og kafla um almenna messugjörð. Annar hlutinn er hinn eiginlegi Grallari (*Graduale*), þ.e.a.s. söngur fyrir sunnudaga og aðrar hátíðir kirkjuársins í tímaröð. Þriðji og síðasti hlutinn geymir viðbætur, s.s. bænir og sálma fyrir ýmis tilefni, innan kirkju sem utan. Viðbæturnar eru í raun annars vegar litaníuhluti og hins vegar sálmasafn. Seinna

¹² Í viðauka I má finna lista yfir allar íslenskar útgáfur Grallarans ásamt útgáfuári, útgáfustað, prentara og þeim biskupi sem stóð að hverri útgáfu fyrir sig.

¹³ *Bækur.is*. (e.d.) Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. www.baekur.is. Vefurinn er rekinn af Landsbókasafni Íslands. Þar eru stafrænar endurgerðir íslenskra bóka sem gefnar eru út fyrir 1870.

¹⁴ Klemens Jónsson *Fjögur hundruð ára saga prentlistarinnar á Íslandi*. (Reykjavík: Félagsprentsmiðja, 1930), bls. 41.

¹⁵ *Ibid.*, bls. 52.

¹⁶ *Ibid.*, bls. 57-58.

¹⁷ Smári Ólason, „Grallari Þórðar Þorlákssonar. 6. útgáfa 1691,“ bls. 227.

bætist ýmislegt efni aftan við Grallarann s.s. fleiri sálmar, prestaeiðurinn, söngfræði, efnisyfirlit o.fl.

3. Helstu breytingar

Frá fyrstu til síðustu útgáfu Grallarans hefur mikið vatn runnið sjávar. Breytingar verða í fremur fáum, en stórum stökkum og í þessum kafla er þeim helstu lýst, s.s. þegar nýtt efni kemur inn, efni dettur út eða þegar nótur og lagboðar breytast. 1. útgáfa stendur sjálfstæð og er um margt frábrugðin þeim útgáfum sem á eftir koma. Strax í 2. útgáfu voru gerðar töluvert miklar breytingar en þar er latínusöngvum gert hærra undir höfði og röð efnis breytt. Fremur litlar breytingar verða efnislega á 2.-5. útgáfu og eru þær í grunninn eins. Við 6. útgáfu verða tímamót en þá fellur latínusöngurinn að mestu út, nýtt efni kemur inn og röð efnis breytist. Þær útgáfur sem á eftir koma byggjast á þeirri sjöttu þótt ákveðin endurskoðun eigi sér sífellt stað. Það liggur því beint við að lýsa breytingunum í þremur meginhlutum en þeir eru: 1.-2. útgáfa, 2.-6. útgáfa og 6.-19. útgáfa.¹⁸

3.1 Breytingar frá 1. til 2. útgáfu

Fyrsta útgáfa Grallarans er að mörgu leyti sérstæð. Auk þess efnis sem kemur úr *Graduale* Jespersøns er ýmislegt fleira séríslenskt. Eitt helsta markmið Guðbrands Þorlákssonar með útgáfum sínum var að samþætta messugjörð á Íslandi, líkt og Friðrik II. hafði staðið fyrir í Danmörku, og það tókst honum. Í fyrsta Grallanum er bréf Friðriks II til biskupa Íslands prentað í heild. Þar á eftir er formáli eftir Odd Einarsson Skálholtsbiskup. Oddur fagnar útgáfunni, telur að hún muni leiða til einingar innan kirkjunnar og fyrirskipar að Grallarinn skuli notaður í báðum biskupsdæmum. Þar á eftir koma nokkrar blaðsíður „Um það rétta messuembætti, hvernig það skal haldast, eftir rétttri guðsorðahljóðan, með söng og ceremonium“. Kaflinn er ómerktur en er í yngri útgáfum sagður vera eftir Guðbrand Þorláksson.¹⁹ Formálinn er að miklu leyti þýddur eftir formála annarrar bókar, Messuhandbókar Franz Wormordsen í Lundi 1539²⁰ en ýmsu hefur þó verið bætt við. Efni hans er að mestu um almenna messugjörð og þar fylgja tónlög við messusvör, pistill og guðspjall, *Faðir vor* og innsetningarorðin. Efnið lifir í öllum

¹⁸ Eins og við má búast eru upplýsingar á titilsíðu ávallt uppfærðar, s.s. ártal, hver prentar og að frumkvæði hvers. Einnig breytist orðalag í meginmáli í gegnum allar útgáfur. Þær breytingar má sjá í viðaukum III-V en verða ekki raktar sérstaklega hér.

¹⁹ Þó var Oddur talinn vel að sér í söng og söngfræði og gæti hafa átt hlut að máli. Sjá Bjarna Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög: Bjarni Þorsteinsson hefur safnað lögnum 1880-1905 og samið ritgjörðirnar*. (Siglufjörður: Siglufjarðarprentsmiðja, 1906-1909), bls. 44.

²⁰ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, bls. 193-194.

útgáfum Grallarans í einhverri mynd og eykur notagildi hans sem handbók fyrir presta jafnt sem almenning.

Þá tekur við hinn eiginlegi *Graduale*-hluti, þ.e. þeir sálmar og annar söngur sem tilheyrir hverjum helgum degi allt kirkjuárið. Í 1. útgáfu eru söngvarnir yfirleitt á íslensku en þó er oft vísað til samsvarandi latneskra messuliða með upphafsorðum þeirra. Á stórhátíðum er meira við haft en þá eru latínusöngvarnir nóteraðir og söngvum úr lútherskum sið við íslenska texta skotið inn á milli þeirra. Þó er víða tekið fram að þar sem latínusöngsmönnum sé ekki á að skipa megi syngja messuna alla á móðurmálinu.

Fyrir aftan hinn eiginlega grallarahluta eru til viðbótar bænir, sálmar og aðrir textar en efninu er skipt í tvo hluta. Yfirskrift fyrri hlutans er: „Hér eftirfylgja nokkrar útvaldar bænir og oratiur sem lesast í messunni á sunnudögum og öðrum hátíðum kringum árið“. Þótt að kaflinn geymi aðallega bænir er þar nóterað *Salve Regina: Guði Jesú Kristi vor frelsari*. Seinni hlutinn er „Ein almennileg handbók fyrir einfalda presta hvernig börn skal skíra, hjón saman vígja, sjúkra vitja og nokkuð fleira sem kennimanna embætti við kemur“. Þar má finna ýmsa texta sem tengjast fyrrnefndum athöfnum. Í kaflanum eru tveir útfararsálmar með nótum: *Mitt í lífi erum vér* og *Nú látum oss líkamann grafa*. Strax í næstu útgáfu eru báðir þessir kaflar teknir út og í staðinn kemur sálmasafn sem fylgir grallaraútgáfum allt til enda, „Nokkrir hymnar sálmar og lofsöngvar á þeim sérlegustu hátíðum. Líka á kvölds og morgna, utan kirkju sem innan“.

Grallarinn var gefinn út að nýju árið 1607 og er þessi 2. útgáfa töluvert endurbætt. Meginbreytingin er sú að búið er að gera latínusöngvum hærra undir höfði með því að setja við þá nótur og fella þá inn á milli annarra messuliða á íslensku. Í upphafi bókar er gefin skýring á áherslubreytingunni en þar er sagt að menn geti valið þá messugjörð sem þeir kjósa en til þess að latínusöngurinn falli ekki í gleymsku sé honum haldið til haga. Þetta er í anda þess viðhorfs sem birtist í Jespersøns *Graduale*.

Alls eru 88 latínusöngvar settir í nótur í 2. útgáfu. Allt eru þetta messuupphöf á latínu (lat. *Introitus latinus*) og Halelúja, en þar fyrir utan eru nokkrir Sekvensar, Gloríur og Credo sem voru með nótum strax í 1. útgáfu. 2. útgáfa er að mörgu leyti líkari Jespersøns *Graduale* þar sem allur latneski söngurinn er með auk þess sem textar og lög eru fengin þaðan. Búið er að beturumbæta uppsetningu og breyta röð messuliða en í þessu felast nokkuð miklar skipulagsbreytingar.

Sem afleiðing af því að latínusöngvum er bætt við og efni endurskoðað breytist það stundum hvaða latínusöng á að nota á ákveðnum messudögum. Sem dæmi á að syngja *Puer natus est*

nobis á öðrum degi jóla í stað *Et enim sederunt principes áður*.²¹ Þetta er hins vegar þróun frá Jespersøns Graduale en samkvæmt honum á að syngja *Et enim sederunt* á þessum degi líkt og í 1. útgáfu Grallarans. Einnig koma inn nýir latínusöngvar með nótum s.s. *Domine non secundum peccata nostra*²², *Domine ne longe facias* og *Viri Galilæi quid admiramini suspicientes in cælum*. Á boðunardag Maríu er nýtt Haleluia með nótum: *Angelus domini nunciavit Mariae*.

Aðrar helstu breytingar snúa að nótum, lagboðum eða sálmatextum. Á föstudaginn langa er búið að bæta lagboðanum *Gjörvöll Kristnin* við sálminn *Eilífur Guð og faðir kær* en við hann standa einnig nótur. Á þrenningarhátíð er búið að fjarlægja nóturnar við *Guð vor Faðir vertu oss hjá* en í staðinn settur lagboðinn *Jesú Kristi vér þökkum þér*. Á Mikaelsmessu eru nótur við sálminn *Esais spámann öðlaðist að fá* en í 2. útgáfu er gefinn nýr og valkvæður texti við sama lag. Þar segir: „Má syngja þessi orð undir sömu nótum ef vill. *Esaias Spámann í anda sá eilífan Guð hæsta*“.

Ekki er á allan hátt líkt eftir Jespersøns Graduale þó áhrifin séu augljós. Íslenski Grallarinn er að öllum líkindum samsuða af efni út nokkrum bókum, t.d. úr handbók Marteins Einarssonar, sálmakveri Gísla Jónssonar (handritinu NKS 138), messuhandbók Franz Wormordsen²³ og ef til vill fleiri bókum. Þó er víst að nýja og endurbætta útgáfan af Grallaranum frá 1607 liggur til grundvallar næstu útgáfum á eftir.

3.2 Breytingar frá 2. til 6. útgáfu

Það eru litlar sem engar efnislegar breytingar frá 2. útgáfu (1607) til 5. útgáfu (1679). Engar efnislegar breytingar eru á grallarahlutanum sjálfum en örfáar breytingar verða á viðbótarköflum.²⁴ 6. útgáfa verður hins vegar að teljast tímamótaútgáfa og fjallað er um hana sérstaklega.

3.2.1 4.-5. útgáfa

Breytingar á 4. útgáfu (1649) eru fyrst og fremst í litaníu- og sálmahluta bókarinnar (II. og III. kafla). Einn sálmur bætist við litaníuhlutann (II. kafla), þ.e. *Guðs föðurs á himnum helgist nafn*

²¹ Allar breytingar sem þessar eru skráðar í viðauka III.

²² Það var vísað í sálminn í 1. útgáfu á fyrsta sunnudegi í föstu. Þar er hann án nótna og heildartexta.

²³ Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, bls. 193-194.

²⁴ Flestir eru sammála um að 3. útgáfa af Grallaranum hljóti að vera nákvæm eftirprentun af 2. útgáfu (m.a. Smári Ólason, „Grallari Þórðar Þorlákssonar. 6. útgáfa 1691,“ 227). Þar sem ekkert eintak af 3. útgáfu er varðveitt hér á landi var ekki unnt að sannreyna það. Einhverjar þær breytingar sem verða á viðbótarköflum í 4. útgáfu gætu allt eins tilheyrt 3. útgáfu.

sem hefur lagboðann *Faðir vor sem á himnum ert*. Í sálmahlutanum (III. kafla) hafa fimm sálmar verið teknir út: *In dulci jubilo/Glaðir syngjum svo, Í paradís þá Adam var*²⁵, *Herra minn Guð ég heiðra þig, Dagur rennur og sýnir sig og Dagur í austri öllu*. Einnig kemur þar inn nýtt efni en það eru sálmarnir *Guðdómsins hæsta náð* „útlögð af S. Ólafi Guðmundssyni“, *Í dag oss Kristur upp aftur reis, Blessaður að eilífu sé, Ljósan daginn nú líta má, Himneski Guð vor herra* og messu Credo á íslensku (*Vér trúum allir á einn guð*). Einnig er komið nýtt lag við textann *Heill helgra manna*.

Annað sem breytist er að áður var latneskur texti við sálminn *Í dag er Kristur uppstiginn* til hliðar við þann íslenska en í 4. útgáfu er búið að fella hann brott. Þar er einnig búið að fjarlægja nóturnar við *Rétt kristni hæstum Guði* og í staðinn er kominn lagboðinn *Guðs son kallar komið til mín*. Nýr lagboði er einnig kominn við sálminn *Dagur burt tekur dimma nátt* en nota á *Guðs son kallar* í stað *Rétt Kristni hæstum Guði holl áður*.

Áhugavert er að aftast er búið að bæta við sálminum *Eilífi guð vort einkaráð* sem sérstaklega er ætlaður til minningar um tyrkjaránið 1627. Um hann segir:

Bænarlofsöngur í allskyns neyð og ofsóknum Kristninnar. Og einkanlega í móti tyrkjanum hvern ungdómurinn ætti líka að læra og iðka svo ekki falli úr minni það rán sem skeði hér í landi af tyrkjans áhlaupum. Anno M.D.C.Xxvii. Með tón. *Af djúpri hryggð ákalla*.

Þessi sálmur er óbreyttur í öllum útgáfum Grallarans og með sama formála, jafnvel þó að við síðustu útgáfu 1779 hafi verið liðin 152 ár frá atburðinum. Það er til marks um að hann hafi lengi setið í þjóðinni.

5. útgáfa Grallarans (1679) er alveg eins og sú fjórða fyrir utan að í lokin er búið að bæta við Gloriu á íslensku, *Dýrð heiður sé Guði í hæðum*, og Credo á íslensku, *Vér trúum allir á einn Guð*. Það var því í grunninn sama messusöngsbókin sem var notuð stærstan hluta 17. aldar.

3.2.2 6. útgáfa

Árið 1691 var 6. útgáfa prentuð í Skálholti að frumkvæði Þórðar Þorlákssonar Skálholtsbiskups eins og áður var getið. Mikið var lagt í endurskoðun og endurbætur á bókinni þó að Þórður segi sjálfur í formála að lítið hafi verið breytt út af miðað við fyrri útgáfur. Það sem Þórður á við er að til grundvallar liggur kirkjuritúal konungs og að íslenskir sálmar úr fyrri Gröllurum hafi ekki misst gildi sitt. Breytingarnar eru þó viðameiri en Þórður gefur í skyn. Þessi útgáfa er sú fyrsta

²⁵ Í stað sálmsins *Í Paradís þá Adam var* er lagt til að sungið sé *Mildi Jesú sem manndóm tókst*.

sem er í svokölluðu grallarabroti, þ.e. aflangt bókarbrot þar sem breiddin er meiri en lengdin. Slíkt brot hafði tíðkast á erlendum söngheftum.²⁶

Viðamestu breytingarnar á 6. útgáfu Grallarans felast í því að latínusöngur er felldur brott nema á stórhátíðum, þ.e. á jóladag, páskadag, hvítasunnudag og þrenningarhátíð. Latínusöngurinn var lítið notaður um mest allt land og því þótti líklega óþarfi að gefa honum svo mikið pláss sem raun bar vitni.²⁷ Af þessu leiddi að litúrgían einfaldaðist því að latínusöngurinn var bundinn ákveðnum sunnudegi en íslensku sálmana mátti stundum nota nokkra sunnudaga í röð. Þónokkrir íslenskir sálmar fá þannig nýtt hlutverk á öðrum messudögum.

Í 6. útgáfu er einn nýr formáli eftir Þórð Þorláksson biskup í Skálholti. Að auki eru látnir fylgja formálar Odds Einarssonar og Guðbrands Þorlákssonar yfir fyrsta prentaða Grallaranum. Fyrir utan latínusönginn er ekki margt sem fellur brott í þessari útgáfu. Aðeins tveir nóteraðir sálmar falla út úr grallarahlutunum.²⁸ Það er annars vegar *Halt oss Guð við þitt hreina orð* og hins vegar *Kært lof Guðs Kristni alltíð*. Sálmarir voru nóteraðir í öllum fyrri útgáfum en eru hvergi nóteraður í þeirri sjöttu heldur er vísað á fyrri prentanir.²⁹ Þessir sálmar voru mjög vinsælir og það vekur furðu að þeir skyldu vera teknir út. Ef til vill þótti óþarfi að eyða í þá plássi þar sem flestir kunnu þá vel. Víða í öllum útgáfum er notaður lagboðinn *hymna lag*. Í 6. útgáfu er lagboðanum við *Fagnaðarboðskap birti þá* breytt úr *Halt oss Guð* og í *hymna lag*. Það gæti bent til þess að með *hymna lag* sé átt við lagið við *Halt oss Guð*.³⁰

Mikið af nýju efni kemur inn í sjálfan grallarahlutann og það má draga saman í annars vegar a) nýtt heildstætt efni og b) nýja texta, lagboða, nótur o.fl. við það efni sem fyrir er.

a) Nýtt efni í grallarahluta:

- Á fyrsta sunnudegi í aðventu koma inn fimm nýir sálmar: *Jesú þín minning mjög sæt er* sem „reviderað hefur, fullkomnað og samanborið við sjálfan originalinn, heiðurlegur og vellærður Páll Jónsson skólameistari að Skálholti“, *Ó þú Guðs Lamb sem í burt tekur* (Agnus Dei), *Kristi vér allir þökkum þér*, *Ó Guð bíföluð æ sé þér* og *Gleð þig Guðs sonar brúð* sem „nýlega úr þeirri dönsku sálmabók útsett hefur Páll J. S. skólama“.

²⁶ Árni Heimir Ingólfsson, [Án titils].

²⁷ Hér gefst ekki rúm til að útlista nákvæmlega hvernig vísað er í sálma á nýjan hátt, þ.e. sem hluta af öðrum messudögum en áður. Hér er aðeins fjallað um þá sálma sem fá mikið pláss í Grallaranum og hafa t.d. mörg erindi, nótur og/eða lagboða. Öll smáatriði má finna í viðauka IV.

²⁸ Ýmsir sálmar færast til í grallarahlutunum vegna skipulagsbreytinga. Öll slík smáatriði má sjá í viðauka IV.

²⁹ Sálmairindin eru einnig felld brott.

³⁰ Þetta mætti kanna nánar.

- Annan sunnudag í jólaföstu kemur inn sálmurinn *Talar Jesús að teikn muni ske*, „ortur af sál Séra Einari Sigurðsyni“.
- Á fjórða sunnudag í föstu kemur inn sálmurinn *Sá vitnisburður hinn valdi með nótum* og valkvæðum lagboða *Jesú Guðs son eingetinn*.
- Á hvítasunnudag koma inn nýir nóteraðir sálmar: *Kyrie Guð faðir sannur* og *Halelúja, allt fólk nú á með sætri raust*. Einnig kemur hér inn í fyrsta sinn sálmurinn *Kristur sinn anda sendi* með lagboðann *Kristur reis upp frá dauðum*.
- Þann VII. VIII. IX sunnudag eftir þrenningarhátíð kemur inn nýr nóteraður sálmur, *Mitt hjarta hvar til hryggist þú?*, fenginn úr dönsku sálmabókinni.
- Á sunnudögum allra síðast eftir Exitum koma inn tveir nýir nóteraðir sálmar: *Frið veittu voru landi* „sem venjulegt er allvíða í Skálholts stifti“ og *Vors herra Jesú verndin blíð*.

Nýir textar, nótur og lagboðar við efni sem fyrir var í Grallaranum:

- Á jóladag (fæðingarhátíð frelsarans) kemur inn nýr latneskur sálmur með nótum og 10 erindum: *Puer natus in Bethlehem*. Samsvarandi sálmur á íslensku var þar fyrir, þ.e. *Borinn er sveinn í Bethlehem*.
- Á hvítasunnudag er latneskur texti settur inn sem viðbót við *Kom skapari heilagi andi*.
- Á páskadaginn kemur inn latínutexti sem viðbót við sálminn *Dýrðlegi kóngur ó Kristi: Surrexit Christus hodie*.
- Á jóladag koma inn nótur við Credo á íslensku (*Vér trúum allir*) „sem næst má eftir latínunni“.
- Á Pálmasunnudag er búið að setja nótur við sálminn *Þá Jesú til Jesúsalem* en auk þess heldur lagboðinn sér (*Halt oss Guð við þitt hreina orð*).
- Á annan dag í páskum koma inn nótur við *Dýrðlegi kóngur ó Kristi* en hann var áður nóteraður á páskadaginn ásamt latneskum texta.
- Á uppstigningardag fær sálmurinn *Allir kristnir nú kátir sé* nýjan lagboða. Í stað *Halt oss guð* verður það *Allfagurt ljós*.
- Á Dominica Trinitatis koma nótur við sálminn *Heilagur heilagur ertu guð allsherjar*
- Þann XXII, XXIII, XXIV sunnudag eftir Trinitatis er sálmurinn *Guðs son kallar komið til mín* nóteraður í fyrsta sinn en hann hafði áður verið notaður sem lagboði.

Umbætur eru einnig gerðar á öðru efni bókarinnar. Litaníuhlutinn fær nýjan titil: „II. Söngur og embættisgjörð á bæna og samkomudögum þar þeir eru haldnir“. Í þeim kafla eru tveir sálmar felldir brott, *Lát frá oss sæti herra* og *Guðs föðurs á himnum helgist nafn* (sem kom inn með nótum í 4. útgáfu). Þeir sálmar sem koma nýir inn í litaníuhlutann eða eru nóteraðir í fyrsta sinn eru: *Vér höfum syndgað með vorum forfeðrum*, *Tak frá oss sæti herra syndir vorar*, *Faðir vor sem á himnum ert* (áður notaður sem lagboði), *Ó herra Guð ég þakka þér*, *Ó Guð heilagur heilagur*, *Aví aví mig auman mann*, *Á þig alleina Jesú Krist*, *Ó vér syndum setnir* og *Á Guð alleina ég hefi sett mitt traust* („nýlega á íslenskt mál útsettur úr þeirri dönsku sálmabók, af P. J. S. Schola. m.“). Aftast í kaflann er svo sett „Collecta, pistill og guðspjall á bænadögum“.

Sálmahlutinn (III. Nokkrir hymnar) tekur líka á sig aðra mynd. Þar koma inn nokkrir nýir sálmar: *Af föðurs hjarta barn er borið*, *Hátíð þessa heimsins þjóð*, *Jesús sem að oss frelsaði*, *Guð minn faðir ég þakka þér*, *Standið upp Kristi börnin blíð*, *Hver sem vildi að hólpinn sé*, *Heiður sé Guði himnum á og Herra Guð þig heiðrum vér*. Einnig kemur inn Credo (*Vér trúum allir*) sem er „alkunnugt og tíðkanlegt víðast í suðurstiftinu“. Aðrir sálmar ganga í endurnýjun lífdaga, þ.e. *In dulci iubilo/Glaðir syngjum svo* og *Dagur í austri öllu*, sem báðir höfðu verið felldir út í 4. útgáfu en koma nú aftur inn.

Þeir sálmar sem felldir eru úr sálmahluta eru: *Í dag oss Kristur upp aftur reis* (sem kom inn í 4. útgáfu), *Eilífi faðir allir vér* og *Jesú minning mjög sæt er* (sem komu báðir inn í 2. útgáfu). Messu Credo (*Vér trúum allir*) sem kom inn í 4. útgáfu og „Annað messu Credo“ sem kom inn í 5. útgáfu detta út í 6. útgáfu. Aðrar breytingar eru að við sálminn *Hæsta hjálpræðis fögnuði* eru nóturnar teknar út en í staðinn er settur lagboðinn *Þá Jesús til Jerúsalem*. Nótur eru settar við sálminn *Ó herra Guð oss helga nú* og lagboðinn tekinn burt en við *Jesú frelsari fólks á jörð* er lagboðinn felldur út og nótum bætt við.

Síðasta stóra breytingin á 6. útgáfu er að fjórða kaflanum er bætt við, „IV. Nokkrir hjartnæmir sálmar um dauðann sem syngjast mega yfir greftran framliðinna“. Hann inniheldur 18 útfararsálma á latínu og íslensku s.s. *Mitt í lífi erum vér*, *Minn herra Jesú maður og Guð*, *Iesu Deus siens homo* o.fl. Efni kaflans í heild má sjá í viðauka IV.

Í lok bókarinnar eru fyrri tilvísanir felldar brott en inn koma ýmsar smærri viðbætur, s.s. Registur (efnisyfirlit yfir sálma í stafrófsröð og með blaðsíðtali)³¹, Errata (listi yfir misprentanir í bókinni) og Appendix (viðauki um söngfræði). Að auki fylgja „til uppfyllingar“ áminning til þeirra sem ganga til altaris og prestaæðurinn.

³¹ Slíkt efnisyfirlit er í *Niels Jespersøns Graduale 1573* og fyrirmyndin líklega fengin þaðan. Sjá *Niels Jespersøns Graduale 1573*. Facimilie-útgáfa. Umfjöllun í eftirmála: Erik Abrahamsen (1935), Erik Dal og Henrik Glahn. (Kaupmannahöfn: Dan Fog Musikforlag, 1986).

3.3 Breytingar frá 6. til 19. útgáfu

6. útgáfa Grallarans frá 1691, með öllum sínum nýjungum, lá til grundvallar þeim sem á eftir komu. Efnið hélst í stórum dráttum allt til enda og því má segja að hér hafi hann verið kominn í sitt „réttu“ form, efnislega og útlitslega. Þó voru gerðar umbætur í nokkrum útgáfum, einkum 9., 11. og 12. útgáfu en þær felast helst í því að nýju efni er bætt við það sem fyrir er.

3.3.1 7.-9. útgáfa

Líkt og 6. útgáfa þá er sú sjöunda prentuð í Skálholti, aðeins sex árum síðar (1697). Viðtökurnar hafa því að öllum líkindum verið góðar og þar sem Grallarinn hafði verið töluvert endurbættur voru eldri útgáfur lítt til gagns.³² 7. útgáfa er alveg eins og sú sjötta fyrir utan að í IV. hluta koma inn tveir nýir sálmar, annar ætlaður til að nota við skírnir, *Þú varst fyrir oss eitt ungbarn*, en hinn er 128. Davíðssálmur, *Kristins það eitt mun manns*. Hvorugur sálmurinn skilar sér í næstu útgáfu (8. útgáfu, 1711).³³ 8. útgáfa er því alveg eins og 6. útgáfan frá því 20 árum áður, jafnvel þó hún sé prentuð á Hólum en ekki í Skálholti og var það líklega einungis gert til að anna eftirspurn.

9. útgáfa Grallarans (1721) er nokkuð endurbætt. Veigamesta breytingin er sú að með henni fellur latínusöngurinn alveg brott en honum hafði verið haldið inni á stórhátíðum fram að þessu. Aðeins einn útfararsöngur á latínu er eftir, *Iam moesta quiesce qverula*. Latneskar fyrirsagnir byrja einnig að hverfa og ekki er lengur þörf á að greina frá því hvort messuupphaf er á íslensku eða latínu; *Introitus* er í flestum tilfellum skipt út fyrir hið íslenska *messuupphaf* og *Exitu* verður *eftir blessan*. Fyrir utan latínusöngvana er ekki margt sem fellur brott. Eitt gamalt credo (*Vér trúum allir*) er felld út úr sálmahlutanum en kemur aftur inn í 12. útgáfu. 9. útgáfu fylgir einnig nýr formáli eftir Stein Jónsson Hólabiskup þar sem hann færir rök fyrir því að messugjörðinni sé betur háttað í móðurmáli en á latínu. Aðrir formálar, allt frá 6. útgáfu, eru þó áfram á sínum stað.

Það koma inn sjö nýir sálmar í 9. útgáfu Grallarans, þar af sex inn í grallarahlutann: *Sjái þér ég nú senda um hríð* (á annan dag jóla), *Herra Jesú mín heilsugjöf* (á þriðja dag jóla), *Foreldrar Jesú full af ást* (á sunnudaginn milli jóla og áttadags), *Þá Herodes það heyra vann* (á sunnudaginn milli áttadags og þrettánda), *Heiðrað sé Jesú háleitt verk* (á annan sunnudag eftir þrettánda) og *Ein kanversk kvinna kom þar sem var Jesús* (á annan sunnudag í föstu). *Sæll ertu*

³² Árni Heimir Ingólfsson, [Án titils].

³³ *Þú varst fyrir oss eitt ungbarn* kemur aftur inn í 9. útgáfu og *Kristins það eitt mun manns* í 11. útgáfu.

sem þinn Guð³⁴ kemur nýr inn í sálmahlutann. Að auki kemur inn á jóladag annað Credo (*Vér trúum allir á einn guð*).³⁵

Aðrar breytingar felast helst í því að á þrenningarhátíð fær sálmurinn *Sannheilagt ljós, samjöfn þrenning* meira vægi. Þar fær hann lagboðann *Halt oss Guð við þitt hreina orð* og tíu erindi eru skrifuð upp að fullu. Inn í sálmahluta kemur sálmurinn *Þú varst fyrir oss eitt ungbarn* sem hafði áður komið inn í 7. útgáfu, þá aftast í IV. hluta.³⁶

3.3.2 10.-11. útgáfa

Það verða engar efnislegar breytingar í 10. útgáfu (1723) og hún er nánast alveg eins og 9. útgáfa, enda líða aðeins tvö ár á milli prentana. Á lokasíðum 10. útgáfunnar er þó búið að bæta við bænum, „Bæn fyrir embættisgjörðina í kirkjunni“ og „Bæn að liðinni embættisgjörðinni“, sem líklega eru ætlaðar prestum. Í 10. útgáfu er enginn „Errata“-listi yfir misprentanir en slíkur listi er þó aftur tekinn upp í 14. útgáfu.

En ekki líður á löngu þar til aftur eru gerðar breytingar á Grallaranum. Í 11. útgáfu (1730) er latínunni nánast útrýmt en allflestir latneskir titlar og fyrirsagnir eru felldar út. Stundum er sett fyrirsögn á íslensku í staðinn, sérstaklega í sálmahlutanum: „Hymn. Rex Christe. Með lag, Christe redemptor“ verður „Einn góður sálmur með hymna lag“, „Hymnus. Magno salutis gaudio“ verður „Einn fagur lofsöngur“ o.s.frv.

Sjálfur grallarahlutinn breytist þó lítið með 11. útgáfu. Það eina er að sálmatextinn *Sjái þér ég nú senda um hríð* (sálmur sem kom inn í 9. útgáfu) er nú tekinn út og í staðinn kemur *Guði sé lof fyrir gleðileg jól* við sama lag. Einnig er búið að bæta fimm erindum við sálminn *Herra Jesú mín heilsugjöf* sem kom inn í 9. útgáfu.

Ein stærsta viðbótin í 11. útgáfu Grallarans er safn sálmaversa sem á að syngja „af predikunarstólnum áður en guðspjallið er lesið“. Þetta er langur listi þar sem tiltekinn er sálmur fyrir hvern messudag ársins. Þetta eru oftast 1-2 stutt vers og eru þau flest skrifuð upp, engar nótur fylgja en alltaf lagboði eins og eftirfarandi örfá dæmi sýna:

- III. Sunnudag í aðventu. Tón. Gef þinni kristni góðan frið, etc. Fullting veit Jesú þjónum þín
- IV. Sunnudag í aðventu. Tón, Jesús Guðs son eingetinn, etc. Sannleiks meistarinn mæti
- IV. Sunnudag eftir þrettánda. Tvö þessi vers. Með hymna lag. Ég sel þér Jesú öll mín kjör
- V. Sunnudag eftir þrettánda. Tvö vers. Tón, Konung Davíð sem k. Ég þreifa á þolinmæði þinni

³⁴ Sálmurinn var notaður sem lagboði við *Krists það eitt mun manns* í 7. útgáfu.

³⁵ Credo við íslenska textann er sett inn og felld út í gegnum allar útgáfur. Verðugt verkefni væri að skoða í hvaða tilfellum þetta er sama lagið og hvar þau eru upprunnin.

³⁶ Sálmurinn var ekki í 8. útgáfu.

Það er fyrst í 11. útgáfu að sálmurinn *Á Guð alleina* er ekki sagður „nýlega“ útsettur af Páli Vídalín, en hann hafði þá verið í Grallaranum frá 6. útgáfu eða í 39 ár. Allra síðast í litaníuhluta var „Collecta, pistill og guðspjall á bænadögum“ en þeir textar eru felldir út í 11. útgáfu. Aðrar smærri breytingar fela t.d. í sér að ekki er lengur lagboði við sálminn *Blessaður að eilífu sé* en nóturnar standa eftir. Einn sálmur er felldur brott úr sálmahluta en það er *Ég aumur mig áklaga*, sem hafði verið í Grallaranum allt frá 2. útgáfu þegar sálmahlutinn kom fyrst inn.

Nokkrir nýir sálmar koma inn í sálmahlutann í 11. útgáfu. Þar koma inn fimm kvöldsálmar: *Sá ljósi dagur liðinn er*, *Lof sé þér Guð fyrir liðinn dag*, *Ó Guð sem geymir Ísrael*, *Hef ég mig nú í hvílu mín*, *Dagsvöku er enn nú endi*, og fimm morgunsálmar: *Þann signaða dag vér sjáum nú einn*, *Blessaða þrenning blessuð sé*, *Heiður og háleit æra*, *Guði sé lof fyrir ljósið glatt*, *Dagur er dýrka ber*). Aðrir sálmar sem koma inn eru: *Kristins það eitt mun manns* (sem áður kom inn í 7. útgáfu en datt út strax aftur), *Herra Guð faðir hlífð þín sé og Jesú nafni Guð minn gæfi*, *Faðir á himnahæð*, *Heiðrum vér Guð af hug og sál* og *Guð vor faðir þér þökkum vér* (áður notaður sem lagboði en er nóteraður hér í fyrsta sinn).

IV. hluti útgáfunnar tekur einnig á sig nýja mynd. Heiti kaflans breytist úr „Nokkrir hjartnæmir sálmar um dauðann sem syngjast mega yfir greftran framliðinna“ í „Líksöngurinn“. Þessi fyrirsögn fellur að vísu út í 14. útgáfu og sú fyrri tekin upp aftur. Efni kaflans heldur sér nokkurn veginn frá fyrri útgáfum en hefur verið raðað algjörlega upp á nýtt.³⁷ Þrír nýir sálmar koma inn í IV. hluta: *Vakna mín sál og virð fyrir þér*, *Endurlausnarinn ljúfi* (eftir Sr. Guðmund Erlendsson) og *Halt oss Guð við þitt hreina orð* (sem var nóteraður í 1.-5. útgáfu en ekki frá og með 6. útgáfu).

3.3.3 12.-19. útgáfa

Strax í 12. útgáfu tveimur árum síðar (1732) eru aftur gerðar nokkrar umbætur. Allir formálar úr fyrri útgáfum eru felldir brott en í staðinn kemur einn nýr eftir Stein Jónsson biskup. Efni hans er þó að hluta um messugjörðina líkt og Guðbrandur Þorláksson skrifaði upphaflega.

Í hinum eiginlega grallarahluta eru örfáar breytingar. Þær felast allar í því að upplýsingar um höfund og uppruna nokkurra sálma eru teknar út. Það eru *Jesú þín minning mjög sæt er* og *Gleð þig Guðs sonar brúð* sem Páll Jónson skólameistari ýmist þýddi eða samdi og *Talar Jesús að teikn muni ske* eftir Séra Einar Sigurðsson. Í II. kafla eru einnig teknar út allar upplýsingar um sálminn *Á Guð alleina ég hefi sett mitt traust* sem þýddur var af Páli Vídalín. Á fjórða sunnudegi í aðventu er lagboði við sálminn *Sá vitnisburður hinn valdi látinn lönd og leið* en eftir standa

³⁷ Í viðauka V er hin nýja röð táknuð með rauðum tölustöfum innan hornklofa ([1], [2] o.s.frv.)

nóturnar. Einnig er Credo sem kom inn á jóladag í 9. útgáfu fellt út í 12. útgáfu. Athygli vekur að hér kemur inn ný fyrirsögn á latínu „Pro Offertorio“ á undan sálminum *Syngið Guði sæta dýrð*, í stað íslensku fyrirsagnarinnar. Þetta er í mótsögn við þá þróun sem á undan er gengin.

Í litaníuhlutann koma inn nokkrir nýir sálmar. Þar má t.d. nefna sálma sem tengjast árstíðaskiptum, en þeir eru allir með sama lagboða, *Á einn Guð vil ég trúa*:

Bænaroffrur í inngöngu sumars. Tón, *Á einn Guð vil ég trúa. Nú skal enn í Guðs trausti*
Þakklætisoffrur í útgöngu sumars. Með sama lag. *Lof sé þér drottinn dýri*
Bænaroffrur í inngöngu vetrar. Með sama lag. *Komin er kaldur vetur*
Þakklætisoffrur í útgöngu vetrar. Með sama lag. *Vetur er enn á enda*

Í sálmahlutann koma inn tveir nýárssálmar, *Eitt vér nýtt ár byrjað fáum nú* og *Rís upp mín sál að nýju nú* en þar að auki koma inn vikusöngvar, fyrir kvöld og morgun hvers vikudags, ortir af Sr. Jóni Magnússyni í Laufási:

Sunnudags morgun sálmur: *Nafn Guðs sé blessað, nú er vika ný komin*
Sunnudags kvöldsálmur: *Þér ljóssins faðir lof sé téð*
Mánudags morgun sálmur: *Heiður sé guði himnum á*
Mánudags kvöld sálmur: *Látum oss hjörtun hefja til himins*
Þriðjudags morgun sálmur: *Lof Guðs berist um lönd og sjó*
Þriðjudags kvöld sálmur: *Kvöld dagsins er nú komið enn*
Miðvikudags morgun sálmur: *Ljómandi ljóssins föður*
Miðvikudags kvöld sálmur: *Sólin er sest í æginn, sé guði lofgjörð*
Fimmtudags morgun sálmur: *Lifandi lífsins brunnur*
Fimmtudags kvöld sálmur: *Blessaður sé vor Drottinn dýr*
Föstudags morgun sálmur: *Sé Guði lof þann sjötta*
Föstudags kvöld sálmur: *Þrennum Guði sé þakkargjörð*
Laugardagsmorgun sálmur: *Látum á laugardegi, lofsöng guði í té*
Laugardags kvöld sálmur: *Sjöunda kvöld nú komið er*

Sálmurinn *Hver sem vildi að hólpinn sé* hefur nú einn lagboða (*Nú kom heiðinna hjálparráð*) því lagboðinn *Herra Guð þig heiðrum vér* fellur út. Sá lagboði kemur að vísu aftur inn í 14. útgáfu. Symbolum Nicænum, eða messu Credo (*Vér trúum allir*) sem var fellt út í 9. útgáfu kemur aftur inn í 12. útgáfu. Einn nýr sálmur bætist við IV. hluta: *Líknarfullur Guð og góður*. Bænarkaflarnir fyrir og eftir embættisgjörð sem komu inn í 10. útgáfu eru felldir út í 12. útgáfu og einnig kaflinn um áminningu fyrir atlarisöngungu sem kemur að vísu aftur inn í 14. útgáfu.

Með 12. útgáfu nær Grallarinn í raun sinni endanlegu mynd. Mjög fáar breytingar eru gerðar eftir það og efnislega er bókin alveg eins allt til 19. útgáfu. Það helsta sem breytist eru formálarnir. Í 14. útgáfu kemur inn nýr formáli eftir Halldór Brynjólfsson biskup og formálinn eftir Stein Jónsson er þar með felldur brott. Í 17. útgáfu birtist sami formáli en undirritaður af Gísli Magnússyni. Í 18. útgáfu skrifar Gísli Magnússon nýjan formála, „Til lesarans“ og í 19.

útgáfu birtist sá formáli örlítið stytur. Efni formálanna er þó að hluta alltaf hið sama, þeir fjalla um messugjörðina og eiga rætur að rekja til formála Guðbrands Þorlákssonar í fyrsta Grallaranum.

Frá 12. útgáfu (1732) til 19. útgáfu og þeirrar síðustu (1779) verða því engar stórtækar breytingar á messuefninu eða sálmasöngvunum sjálfum. Það fer eðlilega fram endurskoðun á framsetningu texta en helst er verið að líta til baka og taka upp fyrirsgagnir og ámæli úr fyrri útgáfum.

3.4 Niðurstaða

Hér að ofan hafa verið raktar helstu breytingar sem finna má á efni allra 19 útgáfna Grallarans. Í grófum dráttum er hægt að skipta grallaraútgáfum í tvö skeið: 17.öldina, eða 1.-5. útgáfu (1594-1691), þar sem latínusöngur er í hávegum hafður, og 18. öldina, 6.-19. útgáfu (1691-1779) þar sem latínusöngur er felldur út³⁸ og íslenska messugjörðin fær aukið vægi. Það er ekki þar með sagt að á 17. öld hafi messan verið sungin á latínu. Þvert á móti var íslenska messugjörðin frekar notuð víða um land, enda latínusöngsmenn ekki á hverju strái.³⁹ Sú skipting sem hér er lögð til miðast aðeins við það efni sem tiltækt er í messusöngsbókinni á hverjum tíma.

Langviðamestu breytingarnar verða á 6. útgáfu enda er hún gefin út á nýjum stað, af nýjum biskupi og þá eru spilin stokkuð upp á nýtt. Jafnvel þótt að útgáfustarfsemin færist fljótt aftur að Hólum þá liggur Skálholtsútgáfan til grundvallar því sem á eftir kemur. Endurskoðunin heldur að einhverju leyti áfram í 9., 11. og 12. útgáfu sem snýr helst að því að gengið er lengra í að fella út latínuna og íslenskum sálmum sem nota má við hin ýmsu tækifæri er bætt við það efni sem fyrir er. Grallarahlutinn sjálfur heldur sér að langmestu leyti allt frá 6. útgáfu.

Það má því segja að Grallarinn, og allar hans viðbætur, hafi verið kominn í fast form árið 1732. Hann hafði þá lokið þróunarskeiði sínu og tekið á sig endanlega mynd, jafnvel þótt það ætti eftir að prenta hann sjö sinnum í viðbót. Nítjándi og síðasti Grallarinn kom út árið 1779 eftir að hafa fylgt Íslendingum og verið ómissandi hluti af messugjörðinni í um 200 ár.

Það má færa rök fyrir því að í grunninn sé Grallarinn sama bókin frá upphafi. Hlutverk hans er ávallt að samræma messugjörðina og vera yfirlit yfir messusöng í lútherskum sið. Þó að sífelld endurskoðun eigi sér stað þá má sjá að þær felast fyrst og fremst í áherslubreytingum, t.d. frá latínu til íslensku. Öðru efni, s.s. sálmum í litaníuhluta og sálmahluta, átti aðeins eftir að

³⁸ Sem gerist að fullu með 9. útgáfu.

³⁹ Árni Heimir Ingólfsson, [Án titils].

fjölga. Þótt að útgáfu Grallarans í þessari mynd hafi verið hætt seint á 18.öld teygir notkun hans sig langt fram á þá nítjándu.

4. Lokaorð

Enn er mörgum spurningum ósvarað. Hér gafst ekki rúm til að rýna í nótur og skoða hvort og þá með hvaða hætti ákveðin lög breytast. Vitað er að í 19. útgáfu birtast ýmis tilbrigði af lögum, sem sum gætu þó verið misprentanir. Þetta væri vert að skoða nánar. Í Gröllurunum eru einnig margar útgáfur af messu Credo (*Vér trúm allir*) að lútherskum sið eða sem gamall gregorssöngur. Það mætti bera saman öll þessi Credo og skoða muninn á þeim; hvort þau breytast og af hverju þau detta sífellt inn og út úr Grallaranum.

Breytingar á söngefni mætti einnig skoða í samhengi við messudaga. Það helst oft í hendur að þegar messudagur breytist þá breytist efni, nýtt efni kemur inn og annað færist til. Verðugt verkefni væri að skoða hvaða messudagar breytast, hverjir breytast ekkert og af hverju sumir messudagar breytast meira en aðrir. Þanni mætti ef til vill finna rótina að því af hverju sumt efni dettur út og annað ekki, eða af hverju ákveðið efni kemur nýtt inn. Einnig mætti rýna í formála og eftirmála og hina ýmsu texta sem fylgja í Grallaranum en það hefur þó verið gert að einhverju leyti⁴⁰.

Þau efnisyfirlit sem hér eru lögð fram geta vonandi nýst til glöggvunar á ýmsum þáttum sem snúa að grallaraútgáfum. Þar sem leitast var við að skrá alla texta sem nákvæmasta eftir útgáfum, ekki síst meginmálið, gæti notagildið m.a. falist í því að hægt væri að tengja handrit eða uppskriftir af Grallaranum við ákveðnar útgáfur. Með því að bera önnur handrit saman við þessa lista ætti að fást góð hugmynd um þá útgáfu sem leitað er að. Þó er alltaf mælt með því að endingu að leita í upprunaprentanir. Með hjálp efnisyfirlitanna sést glögg að þótt að Grallarinn sé í grunninn alltaf sama bókin þá eru tilbrigðin jafnmörg og útgáfurnar.

⁴⁰ T.d. Arngrímur Jónsson, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*, Smári Ólason, „Iceland: A Historical Progression of over 400 Years“ og Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög*.

Heimildir

- Arngrímur Jónsson. *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót: Handbók Marteins Einarssonar 1555, Handritið Ny kgl. Saml. 138 4to, Graduale 1594. Litúrgísk þróunarsaga íslenzkrar helgisiðahefðar á 16. öld.* [Doktorsrit höfundar]. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1992.
- Árni Heimir Ingólfsson. [Án titils]. Óbirt grein, 2012.
- Bjarni Þorsteinsson. *Íslensk þjóðlög: Bjarni Þorsteinsson hefur safnað lögnum 1880–1905 og samið ritgjörðirnar.* Siglufjörður: Siglufjarðarprentsmiðja, 1906–1909.
- Bækur.is.* (e.d.) Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. www.baekur.is.
- Klemens Jónsson. *Fjögur hundruð ára saga prentlistarinnar á Íslandi.* Reykjavík: Félagsprentsmiðja, 1930.
- Niels Jespersøns Graduale 1573.* Facsimile-útgáfa. Umfjöllun í eftirmála: Erik Abrahamsen (1935), Erik Dal og Henrik Glahn. Kaupmannahöfn: Dan Fog Musikforlag, 1986.
- Páll Eggert Ólason. *Um upptök og uppruna sálmalaga í lútherskum sið: Fylgir Árbók Háskóla Íslands 1924.* Reykjavík: Háskóli Íslands, 1924.
- Smári Ólason. „Grallari Þórðar Þorlákssonar. 6. útgáfa 1691.“ Í *Frumkvöðull vísinda og mennta. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti: Erindi flutt á ráðstefnu í Skálholti 3.-4. maí 1997 í tilefni af þjúhundruðustu ártíð Þórðar biskups Þorlákssonar, Jón Pálsson ritstýrði*, 223-236. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1998.
- . „Iceland: A Historical Progression of over 400 Years.“ Í *Spiritual Folk Singing. Nordic and Baltic Protestant Traditions*, Kirsten Sass Bak og Svend Nielsen ritstýrðu, bls 227-246. Kaupmannahöfn: Kragen, 2006.

Grallarar:

- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 1. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1594. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000610431/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 2. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1607. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000610439/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 4. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1649. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000610492/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 5. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1679. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000818544/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 6. útgáfa. Skálholt, 1691. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000818564/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 7. útgáfa. Skálholt, 1697. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000818568/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 8. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1711. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000140781/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 9. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1721. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000140782/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 10. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1723. [Aðgengileg í Íslandsdeild Landsbókasafns]
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 11. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1730. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000818578/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 12. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1732. Sótt 16. desember 2016 á <http://baekur.is/bok/000140784/Graduale>.

- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 13. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1739. Sótt 16. desember á <http://baekur.is/bok/000140785/Graduale>.
- Graduale: Ein almennileg messusöngsbók.* 14. útgáfa. Hólar í Hjaltadal, 1747. Sótt 16. desember á <http://baekur.is/bok/000831045/Graduale>.
